

Sigur yfir stéttasamvinnuöflunum á ASÍ þingi.

Mikil umskipti urðu í forystu íslenskrar verkalýðshreyfingar þegar Ragnar Þór Ingólfsson var kosinn formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Sólveig Anna Jónsdóttir formaður Eflingar nokkru síðar. Fyrir voru á stalli Framsýn og Verkalýðsfélag Akraness með formennina Aðalstein Árna Baldursson og Vilhjálmm Birgisson en þessi stéttarfélög höfðu ekki nóg vægi á þessum tíma til að leggja til atlögu við stéttasamvinnuöflin innan ASÍ með sjálfan forsetann, Gylfa Arnbjörnsson, í broddi fylkingar.

Fljótlega eftir glæsilegan sigur baráttuaflanna í VR og Eflingu fóru ofangreind 4 félög að kanna möguleika á að velta hinum kratísku afturhaldsöflum í ASÍ úr sessi. Neistar hafa eftir áreiðanlegum heimildum að þegar Gylfi tilkynnti í vor að hann mundi ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu í forsetastólnum hafi hann í raun séð sína sæng útbreidda. Á þessum tímamarki höfðu félögin fjögur ekki fundið eða komið sér saman um neinn eftirmann Gylfa úr sínum röðum en þegar baráttukonan Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, tilkynnti um framboð til forseta ASÍ var fljótlega ákveðið að sameinast um hana, enda hinn kosturinn, Sverrir Mar Albertsson, náinn samstarfsmaður Gylfa, ekki góður.

ASÍ þingið sjálft, sem fór fram síðustu helgina í október með tæplega 300 fulltrúum frá aðildarfélagunum, markaði tímamót. Í stuttu máli náðu róttæku öflin nánast öllu fram, sem lagt var upp með og raunar má segja að það hafi verið verulegt ákall um róttækar breytingar:

Drífa var kosin forseti ASÍ með talsverðum mun.

Vilhjálmur Birgisson atti kappi við Guðbrand Einarsson, foman Landssambands Íslenskra Verslunarmanna, náinn samstarfsmann Gylfa Arnbjörnssonar og mikinn talsmann stéttasamvinnunnar, um fyrsta varaforseta ASÍ. Til að gera langa sögu stutta sigraði Vilhjálmur í kjörinu um 1. varaforsetann og þar með dattu bæði Sverrir Mar og Guðbrandur út úr miðstjórn.

Ragnar Þór Ingólfsson og Sólveig Anna Jónsdóttir fengu bæði góða kosningu í miðstjórn og athygli vakti að tvær konur, sem setið hafa í miðstjórn náðu ekki kjöri, þær Signý Jóhannesdóttir og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, sem verið hefur annar varaforseti ASÍ, en báðar tilheyra þær stéttasamvinnuöflunum.

Loks má geta þess að Aðalsteinn Árni Baldursson hlaut góða kosningu í varamiðstjórn en fram að þessu ASÍ þingi höfðu þeir félagarnir Vilhjálmur og Aðalsteinn, "órólega" deildin, verið útilokaðir frá trúnaðarstörfum fyrir ASÍ. Reyndar hefur kveðið svo rammt að hatri hinna kratísku afturhaldsafla á þeim félögum að í síðustu kjarabaráttutörn fyrir nokkrum árum, þegar Aðalsteinn náði **betri** samningum fyrir sitt fólk en lagt var upp með af hálfu stéttasamvinnuaflanna og rauf þar með skarð í samstöðu atvinnurekenda, var hann kallaður svikari af afturhaldsöflunum, sem þá voru í forystu verkalýðshreyfingarinnar.

Ekki var að búast við að allir gengju sáttir frá borði og margir afturhaldskratarnir sleikja nú sár sín. Einn af þeim er Guðmundur Ragnarsson, formaður VM, sem sat um tíma í miðstjórn ASÍ. Hann lét sér sæma að koma fram í RÚV nokkru fyrir þing og mæra hið kratíska sjónarmið að því lægri sem launahækkunirnar til handa verkalýðnum eru, því meiri verði kaupmátturinn. Þetta sjónarmið er eins talað út úr munninum atvinnurekenda og er bæði óhugnanlegt og vitlaust og raunar siðlaust að forystufólk verkalýðshreyfingarinnar skuli leyfa sér að taka þátt í grátkór atvinnurekenda. Kannski næsta skref hjá stéttasamvinnuöflunum verði að fara fram á launalækkun til rífa nú kaupmáttinn upp úr öllu valdi. Sem betur fer er eftirspurn eftir málpípum atvinnurekenda innan verkalýðshreyfingarinnar nú hriðminkandi, enda hafa þær engan skilning á kröfum láglaunafólks, sem skrapa botninn þegar kemur að kjörum og velferð.

Hið nýafstaðna ASÍ þing markar upphaf nýrra tíma og umbreytinga. Búast má við að félagar í öðrum verkalýðsfélögum reki stéttasamvinnuöflin úr forystusveitum um land allt, enda vill fólk sjá breytingar í anda skoðana alþýðunnar í landinu. Neistar og Alþýðufylkingin óska nýrri og framsækinni forystusveit verkalýðshreyfingarinnar í landinu innilega til hamingju með góða kosningu og lýsa yfir fullum stuðningi við kröfur verkalýðsins á Íslandi.

Það er við hæfi að enda þessa grein á ályktun nýafstaðins landsfundar Alþýðufylkingarinnar um verkalýðsmál:

Stéttabarátta, ekki stéttasamvinna!

Ályktun frá landsfundi Alþýðufylkingarinnar 6.-7. október 2018

Frá stofnun hefur Alþýðufylkingin tekið fortakslausa afstöðu með verkafólki, fólkinu sem vinnur við undirstöðustörf þjóðfélagsins á lægstu laununum.

Hnignunarsaga ASÍ frá því er hagfræðingarnir náðu þar völdum sýnir svo ekki verður um villst að árangur í kjarabaráttu launafólks næst ekki með stéttasamvinnu. Eina leiðin til að ná fram raunverulegum kjarabótum er stéttabarátta.

Landsfundur Alþýðufylkingarinnar haldinn 6.-7. október 2018 krefst þess að ný forysta ASÍ standi þétt upp við bakið á stéttarfélögum sambandsins í komandi kjarabaráttu þeirra í vetur og skorar á forystu félaganna að hvíka hvergi í þeirriaráttu.

Koma verður í veg fyrir félagsleg undirboð og niðurrif á réttindum verkafólks, þar sem erlent verkafólk og ungt fólk verður harðast úti. Skammtímaráðningar og starfsmannaleigur, sem ekki lúta lögum íslensks vinnumarkaðar eru meðal verkfæra auðvaldsins í þessu skyni. Uppræta verður starfsmannaleigur, sem ekki lúta íslenskum lögum og -kjarasamningum, og hafa það eina hlutverk að lifa sníkjulífi á erlendu verkafólki og halda því í ómanneskjulegum aðstæðum. Þetta verður að setja að skilyrði í samningum á vinnumarkaði í vetur.